

Hveravellir og Kerlingarfjöll

Fornleifaskráning

Þór Hjaltalín



Rammaáætlun



Fornleifavernd
ríkisins

2008:5



Efnisyfirlit

1	Inngangur	3
2	Kerlingarfjöll	5
2.1	Minjar í Kerlingarfjöllum	7
3	Hveravellir	11
3.1	Áningarstaður	23
3.2	Leiðir – samgönguminjar	29
3.3	Aðrar minjar	30
4	Niðurstöður	33
5	Heimildaskrá	35
6	Viðauki 1 – Kerlingarfjöll – fornleifaskrá	37
7	Viðauki 2 – Hveravellir – fornleifaskrá	37

Myndaskrá

Mynd 1. Kortið sýnir afmörkun skráningasvæðisins (með gulbrúnum lit) í Kerlingarfjöllum. Tvær vörður voru skráðar innan svæðis, merktar með gulum punktum, nr. 820 og 821.	5
Mynd 2. Svipmikið landslag Hveradala með jökulsporðum og gufustrókum úr hverum. Innri Ásgarðsá rennur um miðjan gróðurlausann dalinn. Ljósmynd Þór Hjaltalín, 2008. ..	6
Mynd 3. Varða nr. 821. Ljósmynd Þór Hjaltalín, 2008.	8
Mynd 4. Varða nr. 820. Ljósmynd Þór Hjaltalín, 2008.	9
Mynd 5. Kortið sýnir afmörkun skráningarsvæðis á Hveravöllum með gulum lit. Hverasvæðið er í dalkvos sem myndast milli Breiðamels og norðurjaðar Kjalhrauns....	11
Mynd 6. Dreifing skráðra minja á Hveravöllum séð úr lofti. Grænir punktar eru vörður, en rauðir eru aðrar minjar. Loftmynd Loftmyndir ehf.	13
Mynd 7. Minjar í kringum hverasvæðið á Hveravöllum. Loftmynd frá Loftmyndum ehf.	14
Mynd 8. Kross hefur verið settur þar sem talið er að leiði Fjalla-Eyvindar sé á Hrafnfjarðareyri. Steinn með áletruðu nafni hans liggur upp við krossinn. Ljósmynd Þór Hjaltalín, 2006.	15
Mynd 9. Eyvindarkofi. Að ofan sést í hús veðurathugunarstöðvarinnar. Ljósmynd Þór Hjaltalín, 2008.	16
Mynd 10. Eyvindarkofi. Mannvirkið er byggt ofan í hraunsprunu vestan við hverasvæðið. Uppmæling: Sólborg Una Pálsdóttir 2008.	18
Mynd 11. Eyvindarhver. Greina má í rústir hans ofar, fyrir miðri mynd. Ljósmynd Þór Hjaltalín, 2008.	19
Mynd 12. Útlínur Eyvindarhellis. Uppmæling Sólborg Una Pálsdóttir, 2008.	19
Mynd 13. Eyvindarhellir. Á ljósmyndinni má sjá opið inn í hellinn, að sunnanverðu, og vörðuna sem vísar á hann. Ljósmynd Þór Hjaltalín, 2008.	20
Mynd 14. Eyvindarrétt. Uppmæling Sólborg Una Pálsdóttir, 2008.	21
Mynd 15. Eyvindarrétt. Ljósmynd Þór Hjaltalín, 2008.	21
Mynd 16. Gamla sæluhúsið á Hveravöllum Uppmæling Sólborg Una Pálsdóttir, 2008.	25
Mynd 17. Gamla sæluhúsið. Ljósmynd Þór Hjaltalín, 2008.	25
Mynd 18. Rétt (nr. 817). Ljósmynd Þór Hjaltalín, 2008.	26
Mynd 19. Réttin (817). Uppmæling Sólborg Una Pálsdóttir, 2008.	27
Mynd 20. Hverinn. Ljósmynd Þór Hjaltalín, 2008.	28

1 Inngangur

Í september 2007 skipuðu Þórunn Sveinbjarnardóttir umhverfisráðherra og Össur Skarphéðinsson iðnaðarráðherra verkefnisstjórn sem falið var að undirbúa annan hluta rammaáætlunar um verndun og nýtingu náttúrusvæða. Verkefnisstjórnin tók við af eldri stjórn sem fjallaði um 1. hluta rammaáætlunar og lauk hún störfum árið 2003. Í 1. hluta var lögð áhersla á vatnsaflsvirkjanir, en núverandi verkefnisstjórn leggur áherslu á mat á háhitasvæðum. Henni er þó einnig ætlað að fjalla um vinnuna í fyrsta áfanga og flokka í lokin og leggja mat á virkjunarkosti, jafnt vatnsafls sem háhita, og meta áhrif þeirra á náttúrufar, náttúru- og menningarminjar. Meðal annars með tilliti til orkugetu, hagkvæmni og annars þjóðhagslegs gildis. Samhliða því á að skilgreina og meta áhrif á hagsmuni allra þeirra sem nýtt geta þessi sömu gæði. Undir verkefnisstjórn munu starfa faghópar skipaðir sérfræðingum á viðeigandi sviðum. Faghópunum er ætlað er að fara yfir virkjunarkosti hver frá sínum sjónarhóli, meta þá með stigagjöf og gera tillögur til verkefnastjórnar.

Verkefnastjórnin á að ljúka störfum og skila skýrslu til umhverfis- og iðnaðarráðherra með heildarmati á virkjunarkostum fyrir árslok 2009. Í fyrsta áfanga störfuðu nokkrir faghópar, þeirra á meðal faghópur I sem var m.a. ætlað að meta áhrif virkjunakosta á minjar. Fornleifafræðingar frá Þjóðminjasafni Íslands störfuðu í faghópnum.

Mjög litlar rannsóknir hafa verið gerðar á fornleifum á miðhálandinu og vakti starfshópurinn athygli á þessum skorti. Faghópurinn studdist við svæðisskráningu sem Fornleifastofnun Íslands ses hafði tekið saman. Svæðisskráning felur eingöngu í sér samantekt á heimildum en ekki skráningu fornleifa á vettvangi. Mat á fornleifum í 1. áfanga byggði því ekki á vettvangsrannsóknum og veikti það niðurstöður mats á gildi minjanna.

Þegar vinna við 2. áfanga hófst var því ákveðið að framkvæma fornleifaskráningu á þeim svæðum sem fjallað verður um. Bæði er um að ræða rannsóknir á heimildum um svæðin og eins hefur verið farið á öll svæðin og fornleifar skráðar á vettvangi.

Upphaflega var áætlunin að ráða fornleifafræðinga til að taka verkið að sér en þar sem skortur var á fornleifafræðingum vann starfsólk Fornleifaverndar ríkisins verkið undir stjórn Sólborgar Unu Pálsdóttur. Þá var nemi á síðasta ári BA prófs í fornleifafræði ráðinn sem aðstoðamaður við heimildavinnu og skráningu. Svæðin sem um er að ræða eru 19 og hófst vinnan í maí 2008 og lauk í nóvember 2008.

Skýrsla þessi er liður í fornleifaskráningu háhitasvæða sem til umfjöllunar eru í öðrum áfanga rammaáætlunar. Hér verður fjallað um Kerlingarfjöll og Hveravelli, en rannsóknarsvæðið var áætlað út frá gögnum ÍSOR.

Um vettvangsvinnu sáu Þór Hjaltalín og Sólborg Una Pálsdóttir, starfsmenn Fornleifaverndar ríkisins, í september 2008. Á vettvangi voru minjarnar mældar upp með Trimble Pro XRS GPS-tæki og ljósmyndaðar. Þá var ástand minjanna kannað og varðveislugildi minjanna metið. Við þá vinnu var stuðst við skráningarstaðla Fornleifaverndar ríkisins. Allar upplýsingarnar voru færðar inn í landfræðilegan gagnagrunn Fornleifaverndar ríkisins og sá Sólborg Una Pálsdóttir um þann hluta verksins. Skýrslugerð var í höndum Þórs Hjaltalín. Ritstjóri Kristín Huld Sigurðardóttir.

2 Kerlingarfjöll



Mynd 1. Kortið sýnir afmörkun skráingasvæðisins (með gulbrúnum lit) í Kerlingarfjöllum. Tvær vörður voru skráða innan svæðis, merktar með gulum punktum, nr. 820 og 821.

Kerlingarfjöll eru austan Kjalvegjar skammt við suðvesturjaðar Hofsjökuls. Snarbrött tindapýrpingin rís þar í um 800 – 1500 metra hæð, með jökulkollum og sporðum í skörðum og giljum ofan af 600-700 metra hásléttu. Sá hæsti þeirra er Snækollur sem er 1488 metrar á hæð. Fjöllin draga nafn sitt af um 25 metra háum móbergsdranga sem Kerling heitir og rís upp úr líparítskriðu sunnan í Tindi sem rís í 1015 metra hæð í vestanverðum fjöllum. Tindarnir eru að lang mestu leyti úr ljósbrúnu líparíti. Litill gróður er í Kerlingarfjöllum og má helst sjá grasteyningar á eyrum Innri Ásgarðsár. Hún rennur norður úr Hveradölum, sem segja má að kljúfi fjöllin í tvennt, og áfram í gljúfri milli brattrar fjallshlíða, norðvestur í Jökulkvísl. Hveradalir eru sundurskornir af gróðurlausum gilskorum og grafningum eftir læki sem renna úr fjöllum í Ásgarðsá, en hlíðarnar eru marglitar, soðnar af jarðhita. Er fornfræðingurinn Brynjólfur Jónsson var á ferð í Kerlingarfjöllum sumarið 1895, við rannsóknir á byggðaleifum á Hrunamanna-afrétti, hafði hann á orði að það væri „*hugsanlegt*, að ófriðhelgur maður hefði hafst þar við, en *ekki hugsanlegt* að þar hafi verið lögbýli“.¹ Í *Árbók Ferðafélagsins* frá 1942 er komist svo að orði að „Kerlingarfjöll munu lítt hafa verið farin eða könnuð fyrir á öldum, enda hafa þau eflaust verið álitin tilvalið hæli fyrir útilegumenn, tröll og aðrar forynjur. Til eru líka þjóðsögur, er benda í þá átt. Í fjárleitir var ekki farið þangað fyrir en um og eftir miðja 19. öld“.²



Mynd 2. Svipmikið landslag Hveradala með jökulsporðum og gufustrókum úr hverum. Innri Ásgarðsá rennur um miðjan gróðurlausann dalinn. Ljósmynd Þór Hjaltalín, 2008.

¹ Brynjólfur Jónsson: „Rannsóknir byggðaleifa upp frá Hrunamannahreppi sumarið 1895“, 10.

² Jón Eyþórsson et. al.: *Árbók Ferðafélags Íslands 1942. Kerlingarfjöll*, 8.

2.1 Minjar í Kerlingarfjöllum

Heimild

Í rannsóknarleiðangri Brynjólfs Jónssonar sumarið 1895 vildi hann ganga úr skugga um hvort minjar kynnu að leynast á svæðinu. Var hann þar að fylgja eftir vísbendingum frá Árna Magnússyni þess efnis að í lítilli kvos, þar sem heitir í *Ásgarði*, væri að finna rúst. Auk þess getur Þorvaldur Thoroddsen þess í *Ferðabók* sinni, en hann var á ferð í Kerlingarfjöllum árið 1888 og skrifaði ágæta lýsingu um svæðið, að munnmæli hermi að tveir bæir, Fremri Ásgarður og Innri Ásgarður hafi staðið norðvestur undir Kerlingarfjöllum.³ Brynjólfur taldi ekki orðum eyðandi á fyrri staðinn, enda væri hann með öllu óbyggilegur. Innri Ásgarður er hins vegar líklegri þótt hann teljist ólíklegur sem bæjarstæði. Þessi litla kvos er norðan undir norðurhorni Kerlingarfjalla þar sem nú standa skáli Ferðafélags Íslands og skíðaskálinn. Segir Brynjólfur að kvos þessi sé ekki illa fallin fyrir aðsetur skógarmanns, enda sé hún í hvarfi og fara verði yfir brattan háls til að komast í hana. Brynjólfur telur sig hafa fundið rúst þá sem Árni nefndi, og er það tilgáta hans að ekki sé um að ræða tóft mannvirkis, heldur náttúrulegar jarðmyndanir sem gætu virst eins og hústóftir. Brynjólfur gerði einnig að umtalsefni sjálft staðarnafnið, *Ásgarð*, en um það segir hann:

Fyrsta og helsta orsökina til þess, að það orð komst á, að bæir hafi verið í Áskörðunum, er án efa nafnið „Áskarð“. (Upprunalega er það *Árskarð*, en *r*-ið hefir fallið úr). Nú eru örnefni langtíðast nefnd í þágufalli með *i* eða *á* fyrir framan. Þannig segja menn vanalega: „í Áskarði“ (hvoru sem er); en þá heyrir eins og sagt sje: í *Ásgarði*; hafa menn því ætlað, þeir er eigi þekktu til, að þessir staðir, hvor um sig, hjeti *Ásgarður*, og svo hefir Árni Magnússon ritað.⁴

Sumarið 1898 fór fór hinn mikilvirki brautryðjandi í rannsóknum menningarminja á Íslandi, Daniel Bruun (1856-1931), í leiðangur yfir Kjöl og þykir sú ferð marka nokkur tímamót varðandi ferðaleiðir um svæðið.⁵ Hafði hann heyrt að norðan undir fjöllum væru tóftir eyðibýla, en þær fann hann ekki.⁶ Hann getur hins vegar nokkurra bygginga í kringum Kerlingarfjöll sem voru í notkun af gagnamönnum í hans eigin samtíma, en í dag flokkast þær undir fornleifar samkvæmt 9. grein þjóðminjalaga (nr. 107/2001), en hann segir:

Fimmtíu manns skulu leita Hrunamannaafrétt, og stendur leitin átta daga. Gerðar eru tvennar leitir. Afréttarmörkin eru þessi: Hvíta að vestan, Jökulkvísl og Kerlingarfjöll að norðan, þar sem gengið er í Hverdali norðan í fjöllum að Ásgarði. Hesthagar eru í Leppistungum suður af Kerlingarfjöllum. Þar er kofi, hagar eru einnig í Svínárnesi og við Fosslæk nokkru sunnar, og eru kofar á báðum stöðunum, og loks við Búðará norður frá Tungufelli. Í viðlögum er hægt að nota kofa við Ásgarðsá og við Geldingsá austan við Stóru-Laxá.⁷

³ Þorvaldur Thoroddsen: *Ferðabók* II, 189.

⁴ Brynjólfur Jónsson: „Rannsóknir byggðaleifa upp frá Hrunamannahreppi sumarið 1895“, 10.

⁵ Arnór Karlsson og Oddur Sigurðsson: *Árbók Ferðafélags Íslands 2001*. Kjölur og *kjalverðir*, 36-39.

⁶ Bruun, Daniel: *Íslenskt þjóðlíf í þúsund ár* I, 28.

⁷ Bruun, Daniel: *Íslenskt þjóðlíf í þúsund ár* II, 374.

Allir þessir 6 kofar sem nefndir eru standa utan við skráningarsvæðið í Kerlingarfjöllum, einnig sá sem sagður er við Ásgarðsá.

Ferðafélag Íslands gerði árið 1941 út leiðangur í Kerlingarfjöll til að safna efni til heildarlýsingar á svæðinu. Afraksturinn birtist á *Árbók* félagsins árið 1942. Leiðangurs-menn gerðu þar tillögu um yfir 100 ný örnefni, en ekki hafa menn rekist á áður óþekktar menningarminjar á svæðinu. Um Ásgarð segir þar:

Árskarð er frá fornu fari áfanga og áningastaður í Kerlingarfjöllum. Ber margt til þess. Þar er haglendi bezt í norðanverðum fjöllum, og þaðan liggur greiðfarin og stutt leið inn á milli fjallanna um Neðri- Hveradali". "Rétt ofan við fossinn [Sælufoss] endar gljúfrið, og verður þar grasi vaxinn hvammur norðan árinna. Þar stendur sæluhús Ferðafélagsins, og rétt við stafn þess er gamall leitarmannakofi úr torfi (í 732 m.y.s.). Munnmæli herma, að í fyrndinni hafi þarna staðið bær, er Innra-Árskarð nefndist. Mikill vafi er á, að þetta hafi við rök að styðjast, og varla mun sú byggð hafa átt langann aldur. ... Sæluhús Ferðafélagsins stendur í brúninni á meltaðinu norðan við hvamminn, þar sem grjót og gróður mætist. Það er járklætt, einlyft timburhús, reist 1937-38. Stærðin er 9.5 x 3.8 m. Inni er eldhús með eldavél í miðju, en stofur með rúmstæðum til beggja handa. Í austurenda eru 12 rúmstæði, en 6 í vesturenda. Vatnsból er í lind framan undir barðinu, sem húsið stendur á, og er leitt þaðan í járn pípu nokkuð niður í brekkuna, þar sem hægt er að hagræða vatnsíláti undir pípuendanum.⁸

Gamli leitarmannakofinn úr torfi er væntanlega sá sem Daníel Bruun nefnir í umfjöllun sinni. Kvos þessi, norðvestan undir Ásgarðsfjalli, lendir hér rétt utan skráningarsvæðis. Úr rituðum heimildum er því ekki kunnugt um neinar minjar innan hins afmarkaða svæðis (sbr. mynd 1).



Mynd 3. Varða nr. 821. Ljósmynd Þór Hjaltalín, 2008.

⁸ Jón Eypórsson et. al.: *Árbók Ferðafélags Íslands 1942. Kerlingarfjöll*, 38-39.

Lýsing

Við vettvangskönnun í september 2008 voru tvær vörður skráðar á umræddu svæði (sjá viðauka 1). Nyrðri varðan (nr. 821) er norðvestan við Keis, við vegarslóða. Lítið fer fyrir hleðslu, heldur má segja að steinum hafi verið hrúgað upp á jarðfast stórgrýti. Hæð ca. 1 metri, en þvermál neðst um 2 metrar.



Mynd 4. Varða nr. 820. Ljósmynd Þór Hjaltalín, 2008.

Syðri varðan er vestan utan í Keis. Lítt hefur verið vandað til verka við hleðsluna. 1-2 lög af stórgrýti neðst og smágrýti hrúgað ofaná. Hæð tæplega 1 metri en breidd neðst um 1.5-2 metrar. Varðan stendur rétt við bíslóðann sem nú liggur í Hveradali norðan úr Ásgarði.

Líklegt má telja að vörðurnar hafi upphaflega verið hlaðnar í tengslum við umsvif Ferðafélags Íslands á staðnum. Vegurinn til Kerlingarfjalla var fyrst ruddur árið 1937 og skáli félagsins reistur 1937-38.⁹ Í 9. grein þjóðminjalaga (nr. 107/2001) er hins vegar miðað við að minjar þurfi að hafa náð 100 ára aldri til að teljast til fornleifa og þar með njóta friðunarákvæðis 10. greinar laganna. Þótt líklegt sé að vörðurnar nái ekki þessu aldursmarki verður ekki fullyrt um það með vissu. Þær eru því teknar með hér í skrána.


Verndunarforsendur

Með úrvali er átt við hvort minjar séu einstakar á einhvern hátt – skeri sín úr vegna sérkennileika. Þótt vörður séu ekki sjaldgæfar á Íslandi þá getur gerð þeirra verið einstök, t.d. hvað varðar hleðslulag, bendisteina eða áttaopa. Það á ekki við í tilfelli ofangreindra varða. Með því að skrá vörðurnar, staðsetja þær og ljósmynda er leitast við að varðveita hugsanlegt rannsóknargildi þeirra. Heimilda- eða rannsóknargildi þeirra umfram það verður að teljast takmarkað. Vörðurnar teljast hér hafa lítið upplifunargildi eða táknrænt gildi, og eftir að vegur var lagður úr Ásgarði yfir í Hveradali hafa þær einnig

⁹ Jón Eypórsson et. al.: *Árbók Ferðafélags Íslands 1942. Kerlingarfjöll*, 9.

takmarkað notkunargildi. Með upprunaleika er hér átt við það hvort minjarnar séu úr upphaflegum efnum og upprunalegri gerð, eða hvort þær hafi verið endurnýjaðar á einhvern hátt, t.d. endurhlaðnar. Lítt hefur verið átt við ofangreindar vörður, nema að hugsanlega hefur einhverjum steinum verið bætt í þær á síðari tímum. Minjar sem alla jafna myndu ekki teljast hafa mikið gildi einar og sér gætu fengið aukið gildi í samhengi við aðrar minjar, sem hluti minjaheildar eða menningarlandslags. Vörðurnar í Kerlingarfjöllum hafa líklega orðið til í tengslum við umsvif Ferðafélagsins á svæðinu og eru þannig hluti þeirrar minjaheildar. Minjar yngri en 100 ára þyrfti að friðlýsa sérstaklega ef ætlunin væri að tryggja varðveislu þeirra. Minjar þessar eru hér ekki taldar hafa það varðveislugildi að ástæða sé til að friðlýsa þær sérstaklega.

3 Hveravellir



Mynd 5. Kortið sýnir afmörkun skráningarsvæðis á Hveravöllum með gulum lit. Hverasvæðið er í dalkvos sem myndast milli Breiðamels og norðurjaðar Kjálhrauns.

Hveravellir hafa um aldir verið áningarstaður ferðalanga um Kjöl. Segja má að staðurinn sé nokkurn veginn miðja vegu milli Norður- og Suðurlands, á um 600 metra hásléttu við norðurjaðar Kjálhrauns. Hverasvæðið er í dalverpi eða laut nokkuri sem myndast milli hraunjaðarsins og Breiðamels. Nokkurt graslandi er þar í kvosinni og góðir hagar fyrir hross. Afrennsli úr hverunum rennur í litlum læk til austurs milli grasi gróinna bakka. Í kringum jarðhitasvæðin eru víða kulnuð hverasvæði. Í fornritum eru margar frásagnir af ferðalögum um Kjöl.¹⁰ Í *Landnámabók* segir af ferðum Rangaðar, þræls Eiríks landnámsmanns í Goðdölum, á þessa leið:

En er þetta spurði Eiríkur í Goðdölum, sendi hann þræl sinn suður á fjöll, er hét Rönguður; fór hann enn í landaleitan. Hann kom suður til Blöndukvísla og fór þá upp með á þeirri, er fellur fyrir vestan Hvinverjadals og vestur á hraunið milli Reykjavalla og Kjalar og kom þar á manns spor og skildi, að þau lágu sunnan að. Hann hlóð þar vörðu þá, er heitir nú Rangaðarvarða. Þaðan fór hann aftur, og gaf Eiríkur honum frelsi fyrir ferð sína, og þaðan af tókust ferðir um fjallið milli Sunnlendinga fjórðungs og Norðlendinga fjórðungs.¹¹

¹⁰ Sjá t.d. Harald Matthíasson: *Árbók Ferðafélags Íslands 1988. Vörður á vegi*.

¹¹ *Íslensk fornrit I. Landnámabók*, 232. (Fært til nútímastafsetningar af höfundu). Sjá einnig umfjöllun þar um staðsetningu og nafngift Hvinverjadals í athugasemdum.

Ekki eru menn á einu máli um hvar Hvinverjadalur hafi verið. Ef áin vestan dalsins, sem Rangöður fór suður með, er þegjandi, þá kemur það heim við það að hann hafi farið vestur frá ánni „á hraunið milli Reykjavalla [sem væntanlega eru Hveravellir] og Kjalar“. Hugsanlegt er Hvinverjadalur sé ekki aðeins vestan árinna, heldur teygir hann sig í vestur og örnefnið eigi þá sömuleiðis við um dalkvosina í kringum Hveravelli. Reykjavellir væru þá í Hvinverjadal.

Misjafnt er í fornum ritum hvort dalurinn sé nefndur Hvinverjadalur eða Vinverjadalur, en svo er hann ávallt nefndur í *Sturlunga sögu*. Úr fjarlægð vísa gufustrókar úr hverum til Hveravalla en þegar hljóðbært er má heyra hvininn úr einum þeirra um langan veg. Heitir sá Öskurhóll og spýtir gufu út um strýtulaga op sitt. Má vera að Hvinverjadalur dragi þaðan nafn sitt.¹²

Sæluhús hafa sennilega staðið á Hveravöllum um aldir. Nú eru þau þrjú talsins og þjóna ferðafólki og gangnamönnum. Staðurinn hefur einnig dregið til sín útilegumenn og griðleysingja og eru Fjalla-Eyvindur og Halla líklega þekktust þeirra sem þar hafa búið um sig. Frá árinu 1963 hefur Veðurstofa Íslands haldið úti veðurathugunum á staðnum. Svæðið heyrir undir gamla Svínavatnshrepp, sem eftir sameiningu nokkurra sveitarfélaga í A-Húnavatnssýslu heyrir það nú undir hinn nýja Húnavatnshrepp. Deiliskipulag fyrir svæðið var samþykkt árið 2001 og er þar gert ráð fyrir að fjarlægja flest mannvirki af svæðinu þannig að aðeins standi eftir elstu sæluhúsin, frá 1922 og 1938, ásamt lauginni. Nýr þjónustukjarni verði svo byggður suður frá Breiðamel í hvarfi frá hverasvæðinu.¹³

Á síðari öldum hafa ýmsir menn gert sér ferð á Hveravelli í þeim tilgangi að rannsaka og lýsa staðnum, m.a. menningarminjum. Árið 1752 voru þar á ferð þeir Eggert Ólafsson og Bjarni Pálsson og fjalla þeir um staðinn í *Ferðabók* sinni. Ebenezer Henderson kom þar við árið 1815 og hefur nokkur orð um dvöl sína þar. Björn Gunnlaugsson mun fyrstur hafa gert uppdrátt af Hveravöllum er hann var þar árið 1841. Nokkuð ítarlega lýsingu af Hveravöllum er að hafa í *Ferðabók* Þorvaldar Thoroddsen og gerði hann jafnframt uppdrátt af svæðinu sumarið 1888. Tíu árum síðar átti Daníel Bruun þar leið um, lýsti staðnum og gerði af honum uppdrátt. Í tengslum við svæðisskipulag miðhálandisins var Fornleifastofnun Íslands ses falið að framkvæma heimildakönnun um fornleifar á skipulagssvæðinu. Var það verk unnið af Orra Vésteinssyni fornleifafræðingi og gefið út í skýrslu árið 1996, *Menningarminjar á miðhálandi Íslands*. Er þar að finna heimildarsamantekt um Hveravelli. Fornleifaskráningu fyrir deiliskipulag það sem Svínavatnshreppur gerði fyrir svæðið árið 2001 vann Guðný Zoëga fornleifafræðingur og gaf út í skýrslu á vegum Byggingasafns Skagfirðinga árið 2002, *Fornleifaskráning vegna deiliskipulags á Hveravöllum*.

¹² Arnór Karlsson og Oddur Sigurðsson: *Árbók Ferðafélags Íslands 2001. Kjölur og kjálverðir*, 141. Sjá einnig Hallgrím Jónasson: *Árbók Ferðafélags Íslands 1971. Kjálvegur hinn forni*, 51-58.

¹³ Arnór Karlsson og Oddur Sigurðsson: *Árbók Ferðafélags Íslands 2001. Kjölur og kjálverðir*, 148.



Mynd 6. Dreifing skráðra minja á Hveravöllum séð úr lofti. Grænir punktar eru vörður, en rauðir eru aðrar minjar. Loftmynd Loftmyndir ehf.

Við fornleifaskráninguna nú, er farið með svolítið öðrum hætti í verkið en áður. Markmiðið er ekki síst að skilgreina minjaheildir og leggja mat á varðveislugildi þeirra. Alls voru skráðar 19 minjar á umræddu svæði. Tíu þeirra eru vörður en níu eru minjar af öðru tagi. Ef reynt er að flokka minjarnar niður eða skilgreina einstakar minjaheildir má greina þær í þrjá flokka. Í fyrsta flokki eru þá *útilegumannaminjar*, en þar er um að ræða mannvirki sem tengd hafa verið við dvöl Eyvindar og Höllu á Hveravöllum. Í annan flokk fara *samgönguminjar* og eru þar þær tíu vörður sem skráðar voru á svæðinu. Í þriðja flokk falla svo þau mannvirki sem hafa þjónað fólki sem áð hefur á Hveravöllum á ferðum þess um hálendið. Þann flokk má kalla „Hveravellir sem *áningarstaður*“. Tvær minjar falla utan við þessa flokkun og eru í raun óskilgreindar þar sem hlutverk þeirra mannvirkja er ekki vel ljóst. Verður nú sérstaklega fjallað um hvern flokk fyrir sig og mat lagt á varðveislugildi minjanna.



Mynd 7. Minjar í kringum hverasvæðið á Hveravöllum. Loftmynd frá Loftmyndum ehf.

Heimildir

Í *Ferðabók* þeirra Eggerts og Bjarna hafa þeir á orði að „Hveravellir eru ein hin einkennilegasta og furðulegasta listasmíð náttúrunnar, sem á Íslandi finnst. Hér eru rústir af stóru húsi, sem menn halda að útilegumenn hafi búið í fyrrum. Það er þó fremur ótrúlegt, því staðurinn liggur á bersvæði og er opið þaðan í allar áttir“.¹⁴ Hvað sem segja má um þessa rúst þá er ljóst að á þeim tíma, um miðja 18. öld, hefur staðurinn verið orðaður við aðsetur útilegumanna. Enda hefur heita vatnið gert hann hinn ákjósanlegasta fyrir fólk sem þurfti að leita í felur fyrir laganna vörðum. Þær fjórar minjar sem skráðar voru og falla í flokk *útilegumannaminja* hafa allar verið tengdar nafni Fjalla-Eyvindar (sjá viðauka 2). Eyvindur Jónsson var fæddur árið 1714 í Hlíð í Hrunamannahreppi í Árnessýslu. Árið 1746 mun hann hafa strokið á fjöll vegna grunsemdar um þjófnað. Lá hann úti víða um land eftir það, en talið er að hann hafi látist á Hrafnfjarðareyri í Jökulfjörðum við Djúp fyrir árið 1783. Kona hans, Halla Jónsdóttir, bjó á Hrafnfjarðareyri og var þar ekkja eftir mann sinn er þau Eyvindur hittust fyrst og bjuggu þau saman þar í nokkur ár, fram um 1762. Næsta áratuginn, og jafnvel lengur, fylgdi Halla honum á flóttu. Komu þau Eyvindur og Halla aftur að Hrafnfjarðareyri eftir útleigðina og bjuggu þar í friði síðustu æviár sín. Er Eyvindur lést var honum þó neitað um leg í vígðri mold og var hann grafinn heima á bænum. Halla lést árið 1792 og var grafin á Stað í Grunnavík. Lífsferill þeirra Eyvindar og Höllu hefur orðið skáldum og

¹⁴ Eggert Ólafsson: *Ferðabók Eggerts Ólafssonar og Bjarna Pálssonar* II, 15.

sögumönnum mikið yrkisefni. Frásagnir af þeim eru fyrirferðamiklar í þjóðsögum og Jóhann Sigurjónsson skáld gerði þau hjón ógleymanleg í leikriti sínu, *Fjalla-Eyvindur: Leikrit í fjórum þáttum*. Eftir leikritinu gerði sænski leikstjórinn Victor Sjöström kvikmynd árið 1918.¹⁵



Mynd 8. Kross hefur verið settur þar sem talið er að leiði Fjalla-Eyvindar sé á Hrafnfjarðareyri. Steinn með áletruðu nafni hans liggur upp við krossinn. Ljósmynd Þór Hjaltalín, 2006.

Talið er að þau Eyvindur og Halla hafi fljótlega búið um sig á Hveravöllum er þau lögðu á flóttu upp úr 1762. Leið þó ekki á löngu áður en Skagfirðingar hröktu þau þaðan. Gísli Konráðsson sagnaritari telur að þau hafi í tvígang hafst við á Hveravöllum og hafi Skagfirðingar náð að handsama Höllu í seinna skiptið. Hún mun hins vegar hafa komist undan og er talið að Eyvindur hafi náð henni aftur.

Þau Eyvindur og Halla hafa komið að Hveravöllum rúmum tíu árum eftir að þeir Eggert og Bjarni lýstu staðnum. Elsta heimild sem getur um minjar eftir þau hjón er *Ferðabók* Ebenezer Henderson, sem kom þangað sumarið 1815. Hann segir:

Við norðanvert hverasvæðið má enn sjá rústir af kofa, sem útilegumenn höfðust við í fyrir ekki meir en þrjátíu árum. Er þar frá náttúrunnar hendi sprunga í hraunbólu, og hefir henni verið svo haganlega lokað með hraungrjóti, að enginn gæti annað sjeð en að þetta væri hversdagslegur hraunhellir. Staðurinn er mjög

¹⁵ Páll Eggert Ólason: *Íslenzkar æviskrár* I, 467. - Hjörtur Björnsson: *Sumar á fjöllum*, 48-51.

vel valinn til þess að geta soðið matvæli, því ekki eru nema fá skref út að sjóðandi katli.¹⁶

Ljóst er að minjar þessar hafa orðið til á síðari hluta 18. aldar og yfirgnæfandi líkur á að þær séu raunverulega skjól þeirra Eyvindar og Höllu. Árið 1881 fannst auk þess tágakarfa í rústinni en sagt er að Fjalla-Eyvindur hafi kunnað þá list að flétta körfur úr viðartágum. Karfan er nú varðveitt á Byggðasafni Skagfirðinga í Glaumbæ. Sumarið 1998 var á Hveravöllum reist minnismerki um þau hjón, gert af Magnúsi Tómassyni myndlistarmanni. Sýnir það tvö hjörtu úr steini í búi gerðu af grjóti og járnrimlum.

Annar nafngreindur útilegumaður á að hafa búið um sig á Hveravöllum á 19. öld, en það er Magnús sálarháski. Segir að þessi alkunni flökkumaður hafi dvalið þar um skeið er hann hugðist gerast útilegumaður. Hjörtur Björnsson segir svo frá í bók sinni, *Sumar á fjöllum*:

Og ljót er sagan af honum þá – hvort hún er sönn eða ekki – þegar hann náði lambinu og keyrði það lifandi ofan í sjóðandi hverinn. Og er það kenndi hitans og jarmaði af kvölunum, á Magnús að hafa sagt: „Engin miskunn hjá Magnúsi“. Hefur það síðan verið haft að máltæki. Ekki varð honum þó mikil björg að lambinu, því að allt sökk það ofan í hyldýpið, er það tók að soðna, nema lungun ein, er flutu uppi. Segir sagan að þrjár vikur hefðist hann við í útlegðinni, og kvaðst hann fyrstu vikuna hafa lifað á lambslungunum, aðra á munnvatni sínu og þá þriðju á guðsblessun og var þá verst haldinn.¹⁷



Mynd 9. Eyvindarkofi. Að ofan sést í hús veðurathugunarstöðvarinnar. Ljósmynd Þór Hjaltalín, 2008.

¹⁶ Henderson, Ebenezer: *Ferðabók*, 361.

¹⁷ Hjörtur Björnsson: *Sumar á fjöllum*, 46-47.

Sumarið 1920 kom Hjörtur Björnsson til Hveravalla og lýsir Eyvindarkofa á þessa leið:

Sprungu um metersbreið er eftir hraunhólum, og hefur grjóti verið hlaðið þvert yfir hana á þrem stöðum, þannig að tvær vistarverur mynduðust. Er sú stærri um 5 m. löng, en hin líklega helmingi styttri. Stendur hleðslan þrýðilega enn og hefur verið fyllt á milli steinanna með mosa og grjóti. Ekki sjást þess nú merki, hvernig þakið hefur verið yfir sprunguna. Getur það hafa verið með skinnum og torfi, þó að til þess hafi þurft lítils háttar árefti, mundi það allt horfið fyrir ævalöngu. Þröng hafa þessi húsakynni verið og lítt að hætti nútíðarmanna, en þó er ekki ólíklegt, að þau Eyvindur og Halla hafi stundum mátt búa við enn lakari vistarverur. Líklegt er að þau hafi búið í stærra skýlinu, en haft hið minna til geymslu, og vafasamt er, að þau hafi haft nokkurt eldsvirki þarna, þar sem ekki er nema steinsnar út í hverinn, en hins vegar eitthvert örðugasta viðfangsefni á öræfum að afla eldiviðar.¹⁸


Nokkru seinna var þar á ferðinni Ólafur Briem og lýsir tóftinni svo:

... í hraunsprungu, sem stefnir milli norðurs og suðurs (eða nánar tiltekið norðvestnorðurs og suðaustsuðurs), og er hlaðið ofan á barmana hraungrýti, en gaflarnir eru allir hlaðnir. Tóttin er í tvennu lagi, og er hún aðskilin með eins metra þykkum vegg. Stærra húsið er um 4,20 m á lengd og 1,20-1,35 m á breidd. Vesturbarmur sprungunnar er hærri, um 30 cm og eru víðast ein til tvær steinaraðir ofan á honum. Á austurbarminum sunnanverðum er hleðslan hærri, svo að veggurinn verður jafnhár vesturveggnum. Norðan við þessa hleðslu er austurbarmur sprungunnar enn lægri, og er þar engin hleðsla ofan á honum nema nyrzt. Í þessu opi virðast dyrnar hafa verið. Norður af þessu húsi er annað hús minna, um 2 metar á lengd og einn metri á breidd. Veggjahæð sést ógreinilega, því að inni í tóttinni er þykkt jarðlag. Er þar mikið grjót, og virðist hellupak liggja þar undir jarðveginum. Stærri tóttin er einnig vallgróin, en ekki sjást þar neinar leifar af þaki. Í rústum þessum fannst tágakarfa 1881, og er hún nú á Byggðasafni Skagfirðinga í Glaumbæ.¹⁹

Fátt er við þetta að bæta. Mannvirkið er hlaðið ofan í hraunsprungu og illgreinanlegt nema að sé komið. Tóftin var mæld upp og er að innanmáli 3.9 metar á lengd en 6.0 metrar að utanmáli. Mesta breidd er 1.1 metri að innanmáli en 2.7 að utanmáli. Op er að austanverðu, 1,3 metrar á breidd, þar sem verið hafa inngöngudyrnar. Í sömu hraunsprungu norðan við þessa tóft og aðskilin með hraunhafti er gjóta. Leifar af veggjahleðslu er þar ofaná.

¹⁸ Hjörtur Björnsson: *Sumar á fjöllum*, 48.

¹⁹ Ólafur Briem: *Útilegumenn og auðar tóttir*, 74.



Mynd 10. Eyvindarkofi. Mannvirkið er byggt ofan í hraunsprunu vestan við hverasvæðið. Uppmæling: Sólborg Una Pálsdóttir 2008.

Eyvindarhver er 31 metra í austur frá Eyvindarkofa. Í hverinn hefur verið hlaðið grjóti og hefur þjónað sem hlóðir til að sjóða kjöt á. Illa sést í grjótið vegna kísilútfellinga. Hjörtur Björnsson lýsti hvernum svo:

Enn þá sést byrgi hans glögglega í klappahól í hraunjaðrinum örskammt frá Eyvindarhver. Hefur hverinn verið fylltur upp með grjóti, eins og áður er getið, og er ekki ólíklegt, að það séu verk þeirra Eyvindar, og hafi kjöt verið lagt á steinanna og soðnað þar í sjóðandi vatni og gufu, sem um þá leikur.²⁰

Ólafur Briem hafði svo þessi orð um hverinn:

Hann lítur nú út eins og hringur, hlaðinn úr hnallungum. Inni í honum er grjótbottur, og bullar hveravatn alls staðar upp milli steinanna. Þennan hver á Fjalla-Eyvindur að hafa hlaðið upp til þess að geta soðið þar mat sinn.²¹


²⁰ Hjörtur Björnsson: *Sumar á fjöllum*, 47-48.

²¹ Ólafur Briem: *Útilegumenn og auðar tóttir*, 75.



Mynd 11. Eyvindahver. Greina má í rústir hans ofar, fyrir miðri mynd. Ljósmynd Þór Hjaltalín, 2008.

Um 550 metrum til suðurs frá Eyvindarkofa er hellir sem nú ber nafn Fjalla-Eyvindar og kallast Eyvindahellir.



Mynd 12. Útlínur Eyvindahellis. Uppmæling Sólborg Una Pálsdóttir, 2008.

Engar heimildir eru hins vegar um dvöl Eyvindar eða annarra útilegumanna í hellinum og ekki vel ljóst hvenær þetta örnefni hefur orðið til. Hellirinn er hraunbóla, vel sjáanleg og kúpt á yfirborði, en komast má niður í hann að sunnanverðu. Að hellinum liggur nú stígur eða slóði frá hverasvæðinu og hefur vörðu verið hlaðið upp við hellismunnan. Í vörðunni er skilti merkt „Eyvindarhellir“ og ör sem bendir ferðamönnum áfram á Eyvindarrétt. Þokkalega rúmgott er í hellinum, en hann er um 7,1 metrar í þvermál.




Mynd 13. Eyvindarhellir. Á ljósmyndinni má sjá opið inn í hellinn, að sunnanverðu, og vörðuna sem vísar á hann. Ljósmynd Þór Hjaltalín, 2008.

Ef gengið er áfram stíginn frá Eyvindarhelli þá eru 470 metrar að Eyvindarrétt. Staðurinn er áberandi þar sem stór hraunhóll rís í landinu. Ganga þarf upp í sprunguna sem liggur eftir endilöngum Hraunhólnum. Hún er um 2 metra breið milli hraunveggjanna og er hún vel göngufær með grónum botni. Hlaðið hefur verið fyrir sprunguna að sunnanverðu (1,9 metrar á breidd) og sömuleiðis í skarð að vestanverðu (1,6 metrar á breidd) þannig að aðhald myndast fyrir skepnur. Ólafur Briem segir að aðeins undirstöðurnar hafi verið eftir af veggjum þessum en einhverjir strákar hafi hlaðið þá upp „fyrir nokkrum árum“ og gæti það þá verið í kringum 1950. Um Eyvindarrétt segir Ólafur:


Hóll þessi, sem er lang stærsti hraunhóll á þessum slóðum, er klofinn í miðju af sprungu, sem liggur milli norðurs og suðurs. Er hún alldjúp og víð með grasi í botni. Þvert yfir sprunguna er hleðsla á tveim stöðum, og enn fremur er hlaðið upp í skarð, sem gengur vestur úr henni. ... Hún er um 7-8 metrar á lengd milli þvergarðanna og um 2 metrar á breidd þvert yfir sprunguna. Engar heimildir aðrar en nafnið Eyvindarrétt eru um það, að hún sé handaverk Fjalla-Eyvindar. ... Af mannvirki þessu eru nú aðeins undirstöður eftir, en fyrir nokkrum árum hlóðu einhverjir strákar nýja veggj ofaná þær. Að lokum skal þess getið, að norðar í sprungunni eru rofhnáusar úr aðfluttu torfi eða mýrarkökkum, en undir þeim fannst ekkert gólf, en þar voru kindarbein.²²

²² Ólafur Briem: *Útilegumenn og auðar tóttir*, 75.



Mynd 14. Eyvindarrétt. Uppmæling Sólborg Una Pálsdóttir, 2008.

Eyvindarrétt er í sprungu sem liggur þvert í gegnum ca. 39 metra langan hraunhól. Á breiddina er hann ca. 26 metrar. Staðurinn er rétt rúman kílómeter í suður frá þjónustusvæðinu á Hveravöllum. Í hólnum liggja tvö önnur skörð í vestur.



Mynd 15. Eyvindarrétt. Ljósmynd Þór Hjaltalín, 2008.

Verndunarforsendur

Útilegumannaminjarnar á Hveravöllum verða að teljast einstakar á landsvísu. Með „úrvali“ er spurt hvort minjarnar skeri sig úr á einhvern hátt vegna sérkennileika. Fullyrða má að fátt sambærilegt við Eyvindarkofa ásamt hvernum með hlöðnum hlóðum sé til í landinu. Eyvindarminjar eru í Hvannalindum, kofarústir og fjárrétt. Sömuleiðis er Eyvindarkofi í Eyvindarveri í Þjórsárverum og í Herðubreiðarlindum. Minjarnar í Hvannalindum og í Eyvindarveri eru á friðlýsingarskrá.²³ Nokkur útilegumannabæli eru kennd við Gretti Ásmundarson, eins og t.d. Grettisbæli í Axarnúpi sem tekið var á friðlýsingarskrá. Sömuleiðis er „kofarúst skógarmanns“ friðlýst í landi Gloppu í Öxnadal.²⁴

Á Hveravöllum er réttin einnig sérkennileg, í hraunsprungunni. Almennt séð verður einnig að telja útilegumannaminjar í flokk „sjaldgæfra minja“. Hér falla hellirinn og réttin þó utan við þann flokk. Hellar og réttir eru ekki sjaldgæfar minjar og nokkur heimildarleg óvissa er um það hvort kalla megi þær útilegumannaminjar eða tengja þær nafni Fjalla-Eyvindar þótt þær beri nafn hans. Vissulega hafa allar minjarnar eitthvert rannsóknar- og heimildagildi og veltur þá á spurningum þeim sem ætlað er að svara. Minjarnar eru þó allar einfaldar að gerð og þurfa líklega ekki frekari rannsókn nema Eyvindarkofi, en þar gæti uppgroftur gefið viðbótar upplýsingar, ekki síst um gerð mannvirkisins. Hvert mannsbarn á Íslandi þekkir sögur af Fjalla-Eyvindi og Höllu og útilegumannasögur eru landsmönnum skemmtan líkt og aðrar þjóðsögur. Upplifunargildi minjanna fyrir ferðalanga á Hveravöllum er því verulegt. Það hefur mikið gildi að geta tengt einstakar minjar nafngreindum sögupersónum og miklar heimildir eru tiltækar um lífshlaup þeirra. Hér hefur verið sköpuð „minjaheild“ úr útilegumannaminjunum á Hveravöllum og allar tengjast þær nafni Fjalla-Eyvindar þótt það sé mis öruggt. Upplifunargildi minjanna felst ekki síður í því að minjaheildin er órjúfanlegur hluti umhverfisins, á hverasvæði á öræfum Íslands. Líta má á Eyvindarminjar á Hveravöllum sem hluta af stærri minjaheild, þ.e. Eyvindarminjum vítt og breitt um landið, allt frá Hrafnfjarðareyri vestur í Djúpi og austur í Hvannalindir. Mikilsvert er að varðveita þessar minjar til framtíðar.

Um táknrænt gildi minjanna er erfitt að fullyrða nokkuð. Þær eru til vitnis um þrautsegju mannsins við erfiðar aðstæður, við refsiglatt samfélag og óblíða náttúru. Hins vegar verður ekki sagt að minjarnar séu á einhvern hátt táknrænar fyrir tiltekin hugmyndakerfi eða þjóðarímynd. Aðgengi að minjunum er ágætt, enda liggja stígar um svæðið. Hins vegar vantar upplýsingagjöf. Varðandi notkunargildi minjanna þá verða mannvirkin tæplega notuð til þess brúks sem þau upphaflega þjónuðu. Notkunargildi þeirra getur hins vegar falist í því að skapa verðmæti úr þeim í tengslum við menningartengda ferðaþjónustu. Líklegt er að ferðafólki eigi eftir að fjölga mjög á næstu árum, líkt og á undanförunum árum. Ferðafólki um Kjöl á sennilega eftir að fjölga verulega, ekki síst ef þær hugmyndir ná fram að ganga að Kjalvegur verði malbikaður. Hveravellir eiga þá eftir að verða mikilvægur áningarstaður í framtíðinni. Þjóðminjavarðslan þarf því að taka höndum saman við skipulagsyfirvöld á staðnum með það að markmiði að

²³ Fornleifaskrá. Skrá um friðlýstar fornleifar, 56 og 69.

²⁴ Fornleifaskrá. Skrá um friðlýstar fornleifar, 49 og 54.

tryggja varðveislu minjanna og nýta þær um leið á sjálfbæran hátt. Hér er mælt með því að Eyvindarminjar á Hveravöllum verði friðlýstar.

3.1 Áningarstaður

Heimild

Vera má að rúst sú sem þeir Eggert og Bjarni sáu á ferð sinni um Hveravelli árið 1752 hafi verið af fornu sæluhúsi. Athyglisverð er frásögn *Sturlunga sögu* af ferð Þorgils skarða um Kjöl, en hún er á þessa leið:

Nú riðu þeir Þorgils á fjall og höfðu harða veðráttu. Þeir voru um nótt í Vinverjadal. Þorgils ræddi um að hann vildi liggja um nóttina í durum sæluhússins, það þar búa um sig. Var svo gert. Lögðu þeir undir hurðina frá húsinu og þar ofan á klæði og lá hann þar um nóttina. Þorgils dreymdi brátt er hann var sofnaður að honum þótti kona ganga að húsdurunum mikil og hafði barnskikkju á herðum. Heldur var hún dapurleg. Hún mælti: „Þar liggur þú Þorgils,“ segir hún, „og muntu eitt sinn á hurðu liggja síðar.“ Þorgils vaknaði. Og um myrgininn er þeir riðu norður frá sæluhúsinu þá segir Þorgils Sveinbirni presti drauminn og þótti presti sem auðfundið að Þorgils fannst um þennan draum.²⁵

Um ári síðar, haustið 1258 var Þorgils veginn í bæjardyrum á Hrafnagili í Eyjafirði. Árið 1922 voru þrír menn ráðnir til að lagfæra vörður á Kili og áttu þeir í leiðinni að reisa sæluhús á Hveravöllum fyrir menn og hesta. Einn þeirra var Helgi Sigurðsson, og er haft eftir honum að þeir hafi reist húsið ofan í gömul tóftarbot.²⁶ Ekki er ósennilegt að þetta séu hinar sömu tóftir og þeir Eggert og Bjarni geta um í *Ferðabók* sinni. Hér vaknar því spurningin hvort þetta sæluhús sem byggt var árið 1922, og stendur enn, hafi verið byggt ofaní minjar eldra sæluhúss. Núverandi sæluhús var byggt úr torfi og grjóti og má vera að moldin geymi menjar marg endurreistra sæluhúsa þar undir, allt frá þjóðveldisöld. Um þetta segir Ólafur Briem:

Hins vegar minnst Eggert á rústin af stóru húsi á Hveravöllum, sem menn haldi, að útilegumenn hafi búið í fyrrum. Hann telur það þó ólíklegt, því að staðurinn liggi á bersvæði og opið sé þaðan í allar áttir. Um upphaf þessarar tóttar er allt ókunnugt, en líklegt má telja, að hún sé af fornu sæluhúsi, enda er getið um sæluhús í Hvinverjadal á Sturlungaöld. Miklu ólíklegri er sú getgáta, að rústin sé handverk Þorgeirs ins hvinverska, sem Landnáma segir, að hafi dvalist einn vetur á Hvinverjadal á Kili til að sitja fyrir manni, sem hann ætlaði að drepa. Rúst þessi var sýnileg, þangað til gamla sæluhúsið, sem nú er á Hveravöllum, var byggt ofan í hana fyrir nokkrum áratugum. Er þessa getið hér til þess að girða fyrir þann misskilning, að rúst sú, sem Eggert talar um á Hveravöllum, sé af hreysi Fjalla-Eyvindar.²⁷

Í deiliskipulagsskráningunni á Hveravöllum frá 2002 er vísað í orð Ólafs Briem um tóttir undir „gamla“ sæluhúsinu og þær ranglega taldar vera undir því sem byggt var árið 1938 og stendur hjá lauginni við hveralækinn. Þar greina skráningarmenn grjóthleðslu „undir trépalli við suðausturhlið skálans“ og í 10-12

²⁵ *Sturlunga saga* II, 731-732.

²⁶ Hallgrímur Jónasson: *Árbók Ferðafélags Íslands 1971. Kjalvegur hinn forni*, 88-89.

²⁷ Ólafur Briem: *Útilegumenn og auðar tóttir*, 73.

metra fjarlægð greina þau garðlag.²⁸ Við vettvangsathugun 2008 var þetta svæði kannað og hallast undirritaður að því að hin meintu veggjabrot séu náttúruleg en ekki af mannavöldum. Þetta þarf hins vegar nánari rannsókn.

Nú eru þrjú uppistandandi sæluhús á Hveravöllum. Í fyrsta lagi það sem byggt var ofaní hinar gömlu tóftir árið 1922 og nánar verður lýst hér síðar. Nýtt sæluhús var svo reist á vegum Ferðafélags Íslands árið 1938 skammt austan við hverasvæðið. Þar er um að ræða bárujárnsklætt timburhús og rúmar um 40 gesti. Niðri er forstofa, tvö herbergi og eldhús. Loft er undir risi og er það yfir öllu húsinu. Þar er svefnpláss fyrir um 20 manns. Með auknum ferðamannastraumi um svæðið réðist Ferðafélagið í byggingu nýs sæluhúss árið 1981 uppi á melnum norðaustan við hverasvæðið. Það var síðan flutt niður á sléttlendið og útbúin hreinlætisaðstaða fyrir gesti beggja Ferðafélagshúsanna.²⁹

Í fornleifaskránni hér undir flokknum „Hveravellir sem áningarstaður“, eru þrjár minjar. Í fyrsta lagi sæluhúsið frá 1922 og þar með eldri byggingarstig sæluhúsa á þeim stað (nr. 703). Í öðru lagi rétt (nr. 817), sem ákveðið var að fella í þennan flokk, en hugsanlega er um einhverskonar aðhald að ræða fyrir skepnur ferðalanga og gagnamanna sem leið áttu um svæðið, og loks hver (nr. 701), sem sagnir herma að notaður hafi verið sem suðupottur til að sjóða þar matvæli og þvo fatnað. Þessum minjum verður nú lýst nánar.


Lýsing

Þetta elsta uppistandandi sæluhús á Hveravöllum var byggt á kostnað vegamálastjóra árið 1922. Þeir sem unnu verkið voru þeir Halldór Jónasson frá Hrauntúni, Helgi Sigurðsson og Þorkell Guðmundsson hleðslumaður. Húsið þjónaði bæði hestum og mönnum og sváfu menn á lofti. Var það notað bæði af ferðafólki og gagnamönnum. Á árunum 1994-1995 var húsið gert upp á vegum Minjaverndar, en Fjallasjóður stóð undir kostnaði. Hefur húsið verið notað til að matast í á síðari árum en lítt eða ekki notað til gistingar.³⁰ Það er um 150 metrum sunnan við megin hverasvæðið og Eyvindarkofa.

²⁸ Guðný Zoëga: *Fornleifaskráning vegna deiliskipulags á Hveravöllum*, 15.

²⁹ Arnór Karlsson og Oddur Sigurðsson: *Árbók Ferðafélags Íslands 2001. Kjölur og kjálverðir*, 145.

³⁰ Arnór Karlsson og Oddur Sigurðsson: *Árbók Ferðafélags Íslands 2001. Kjölur og kjálverðir*, 143.



Mynd 16. Gamla sæluhúsið á Hveravöllum Uppmæling Sólborg Una Pálsdóttir, 2008.

Byggingin er með hlöðnum grjótveggjum og timburgrind á moldargólfi. Þekjan er úr torfi en báruján er undir. Á suður gafli er veggurinn hlaðinn upp í stoðarhæð, en svartbikað timburpil er þar ofanvið með hvítmáluðum glugga í miðju með sex rúðum.




Mynd 17. Gamla sæluhúsið. Ljósmynd Þór Hjaltalín, 2008.

Gaflhlað er einnig að norðanverðu, hlaðið í boga, en timburpil að ofan með litlum glugga. Inngöngudyr eru á vesturlanghlið. Grunnflötur að utanverðu er um 7,5 x 9.4 metrar. Ætla má að þessi bygging standi á eldri minjum sæluhúsa, hugsanlega allt frá þjóðveldisöld.



Mynd 18. Réttr (nr. 817). Ljósmynd Þór Hjaltalín, 2008.

Réttr (nr. 817) er um 170 metrum sunnan við gamla sæluhúsið (nr. 703), við stíginn suður að Eyvindahelli. Um er að ræða hringlaga grjóthleðslu ofan í grasbolla í hrauninu. Liggur hleðslan að hluta utaní hraungrýtinu. Málin eru 4.0 x 4.4 metrar að utanverðu. Inngangsop er vestanmegin, 2 metrar á breidd. Hæð veggja er um 1 metrar og breidd 0.5 metrar. Á síðari tímum hefur varða verið hlaðin upp inni í miðri réttinni. Engar heimildir eru um notkun þessa mannvirkis en líklegt má telja að um sé að ræða eitthvert aðhald fyrir skepnur ferðalanga og gangnamanna.



Mynd 19. Rétin (817). Uppmæling Sólborg Una Pálsdóttir, 2008.

Hverinn er um 190 metrum vestan við sæluhúsið frá 1938. Ekkert mannaverk er á þessum „fornminjum“. Um er að ræða strýtumyndað kísilhrúður, um 3 metar í þvermál. Efst er um 30 cm. skál, um 10 cm. á dýpt, þar sem vatn áður seytleði upp, en er nú að heita má þurr. Hjörtur Björnsson lýsir hver þessum, en hann var þar í kringum 1920, á þessa leið:

Lítið eitt norðar mætir augunum annað furðuverk náttúrunnar. Dálítil kringlótt þústa stendur þar upp úr ljósgráum hverabalanum. Ofan í hana er eins og höggvin skál eða ker barmafullt af tæru vatni, sem ólgar upp um lítið op á skálarbotninum, og fylgja því fáeinar loftbólur, eins og lifandi verur, sem stíga upp á yfirborðið til að deyja. Uppsprettan er svo mikil, að vatnið í skálinni endurnýjast á skömmum tíma. Enda hefur þessi hver verið mörgum, er dvalið hafa á Hveravöllum lengur eða skemur, til margra hluta nytsamlegur. Í honum hafa menn soðið mat sinn og þvegið fót sín.³¹

³¹ Hjörtur Björnsson: *Sumar á fjöllum*, 45.



Mynd 20. Hverinn. Ljósmynd Þór Hjaltalín, 2008.

Verndunarforsendur

Þetta elsta uppistandandi sæluhús á Hveravöllum var byggt árið 1922. Það er því ekki friðað, hvorki sem hús eða fornleifar. Líklegt má þó telja að fornleifar leynist undir. Sérstök ástæða er til að standa vörð um minjar á hálendi Íslands. Á það jafnt við um gömul sæluhús sem önnur mannvirki, enda hljóta þau, í samanburði við annað, yfirleitt að falla í flokk sjaldgæfra minja. Rannsóknargildi sæluhússins felst líklega fyrst og fremst í því sem jörðin geymir undir því. Sérstök ástæða er til að standa vörð um það, enda gætu verið þar mörg byggingarstig sæluhúsa aftur í aldir. Þessi fallega torfbygging setur mikinn svip á staðinn og þrátt fyrir ungan aldur þá er hún vitnisburður um byggingarhefð fyrri alda. Hún hefur því upplifunar- og upplýsingagildi fyrir ferðafólk á staðnum. Aðgengi er auðvelt og á síðustu árum hefur það verið notað af fólki til að matast í. Byggingin var gerð upp fyrir fáeinum árum og er í prýðis góðu ástandi.

Þessar þrjár minjar sem hér eru felldar saman í flokk hafa líklega ekki margt sameiginlegt nema það að hafa þjónað ferðafólki á Hveravöllum með einum eða öðrum hætti. Hverinn er vissulega ekki mannvirki, heldur náttúrulegt fyrirbæri sem menn fundu not fyrir. Það spillir fyrir að hverinn skuli nú vera stíflaður, þannig að skálin sem áður var notuð til suðu og þvotta fyllist ekki af vatni lengur. Hann er því ekki lengur í því ástandi og þegar brúk var fyrir hann. Minjarnar eru engu að síður sérstæðar og sjaldgæfar.

3.2 Leiðir – samgönguminjar

Heimild

Rangaðarvarða, sem segir frá í *Landnámu*, að Rangöður þræll Eiríks í Goðdölum hafi reist á Kili eftir könnunarleiðangur hans þar, er fyrsta varða á þessum slóðum sem getið er í heimildum. Vörður hafa um aldir verið mönnum leiðarmörk um fjallvegi landsins. Meðan vegir voru lítt ruddir í sveitum og stórfjót óbrúuð var hálendið að mörgu leyti greiðfærast milli landshluta. Vörður setja mikinn svip á landslag á Kili. Með stofnun Fjallvegafélagsins árið 1831 hófst áttak við vegabætur á mörgum fjölförnum fjallvegum, en lítt var hirt um Kjöl að sinni. Má segja að ferðir þar hafi að mestu lagst af eftir að Reynistaðabræður urðu þar úti.³² Fátt segir í heimildum um vörðugerð uppi á Kili, en í ferð Sveins Pálssonar árið 1794 lenti hann í illviðri og urðu vörður á Kjalhrauni til þess að hann áttaði sig á leið og stefnu. Skömmu fyrir 1900 var farið að huga að endurbótum á fornum fjallvegum, m.a. á Kili, sem þá hafði að mestu fallið í gleysku. Til verksins var fenginn Daniel Bruun og fór hann með sitt föruneiti yfir Kjöl í þessum tilgangi árið 1898. Fékk hann til liðs við sig tvo bændur úr Skagafirði sem þaukunnugir voru hálendinu og vissu best hvar Kjalvegur hinn forni hafði legið. Um þessa ferð skrifaði Bruun ritið *Tværs over Kølen*, sem er skemmtileg leiðarlýsing um svæðið. Byrjuðu þeir á að merkja leiðina með smávörðum en árið eftir sá Magnús Vigfússon um að hlaða varanlegar vörður. Leið þeirra Bruun lá austan megin við Hveravelli, gegnum Kjalhraun (sjá mynd nr. 5 hér ofar) og fundu þeir nokkrar vörður á leið sinni sem sannaði það að þar lá hin forna leið.³³ Í kringum 1920 hófst annað áttak við endurbætur og hleðslu varða á Kili og sinntu því verki þeir félagar Halldór Jónasson frá Hrauntúni, Helgi Sigurðsson, síðar verkfræðingur og hitaveitustjóri og Þorkell Guðmundsson hleðslumaður. Voru þeir að störfum árið 1922 of vörðuðu einnig leiðina vestan við Hveravelli, um Þjófadali. Að auki hlóðu þeir upp sæluhúsið eins og getið hefur verið.³⁴

Lýsing

Hér verður ekki farið í að lýsa hverri vörðu fyrir sig, umfram það sem gert er í fornleifaskránni (viðauka 2). Um er að ræða tíu vörður á skráningarsvæðinu og eru flestar frekar illa hlaðnar. Hveravellir liggja á milli tveggja aðalleiða um Kjöl og er því engin þessara varða beinlínis á Kjalvegi. En þær hafa sumar vísað veginn af Kjalvegi til Hveravalla. Varða nr. 708 er sú vandaðasta, þ.e. vel hlaðin og hugsanlega sú elsta. Líklega hefur hún verið leiðartákn ferðafólki úr Þjófadölum austur á Kjalveg. Vörður nr. 712 og 713 vekja einnig spurningar. Að vísu eru þær mjög rislitlar, en standa þar sem vegurinn liggur af Kjalvegi til Hveravalla. Er hugsanlegt að þar sé um að ræða bráðabirgðavörður frá Bruun og félögum, en voru svo aldrei hlaðnar upp endanlega? Vörðurnar sunnan við hverasvæðið, nr. 704, 706, 707 og 816 virðast frekar nýlegar og hefur hugsanlega verið hróflað upp af ferðafólki sem dvalið hefur á Hveravöllum um lengri eða skemmri tíma. Þó liggja þær suður-norður og þyrfti frekari athugun á því hversu langt sú slóð liggur.

³² Hallgrímur Jónasson: *Árbók Ferðafélags Íslands 1971. Kjalvegur hinn forni*, 86

³³ Bruun, Daniel: *Íslenskt þjóðlíf í þúsund ár I*, 41.

³⁴ Hallgrímur Jónasson: *Árbók Ferðafélags Íslands 1971. Kjalvegur hinn forni*, 88-89.

Verndunarforsendur

Vörður einar og sér geta vissulega haft gildi. Sumar voru notaðar til að skilja eftir skilaboð og vísur fyrir næstu ferðalanga. Var þeim þá stungið í sauðar- eða hrosslegg og skildar eftir í vörðunni. Dæmi um það er varða sú sem stendur við mynni Kaldadals. Sumir telja að vísukorn það sem ort var um vörðuna „Sankta-Pétur“ á Vatnshjallabrun sé eftir Bjarna Thorarensen.³⁵ Vörður á Kili hafa þó ekki náð slíkri frægð. Gildi þeirra ræðst ræðst ekki síst af tengslum þeirra við landslag og aðrar minjar á svæðinu, þótt gerð og byggingarlag geti vissulega skipt máli. Varða nr. 708 skorar hér hæst í stigagjöf vegna tengsla hennar við leiðir um Þjófadall. Hún er leiðarvarða í góðu ástandi. Vörður nr. 712 og 713 eru hér einnig metnar nokkuð hátt, enda telur skýrsluhöfundur þær vísa leiðina frá Kjalvegi að Hveravöllum.

3.3 Aðrar minjar

Alls voru skráðar 19 minjar á hinu afmarkaða svæði á Hveravöllum (sbr. mynd nr. 5). Tvær þeirra lentu í flokki sem kallaður er „óskilgreint“. Þar er um að ræða meint garðlag (nr. 700 – Hver1) og minjar (nr. 819 – Hver2) undir sæluhúsi Ferðafélags Íslands sem byggt var 1938. Minjum þessum er lýst í *Fornleifaskrá vegna deiliskipulags á Hveravöllum*. Garðlaginu (nr. A-145278-235-7) er þar lýst með eftirfarandi hætti: „Í um 10-12 m fjarlægð frá gamla Ferðafélagsskálunum er garðlag. Tveir veggir, 6 m og 5 m að lengd mynda horn rétt vestan hveralækjar sem rennur sunnan skálans“. Um minjarnar (nr. A-145278-235-6) undir sæluhúsinu segir: „Tóftir voru þar sem gamli skáli Ferðafélags Íslands var reistur. Hluti grjóthleðslu er enn undir trépalli við suðurhlíð skálans. Ekki er vitað hvaða tóftir er um að ræða en ekki ólíklegt að þetta séu leifar gamals sæluhúss“.³⁶ Minjar þessar voru færðar inn í fornleifaskrána hér, en skýrsluhöfundur hefur nokkrar efasemdir um að um sé að ræða raunverulegar minjar. Úr því yrði skorið með frekari rannsóknum.

Í þeim tveimur skráningarskýrslum³⁷ sem unnar hafa verið fyrir Hveravell áður, eru teknar með minjar og gefið númer, sem ekki eru færðar á skrá hér. Þar er sú leið farin að skrá allar minjar sem getið er um í heimildum. Hér er minjum hins vegar aðeins gefið númer ef þær finnast á vettvangi. Fyrst ber að nefna Rangaðarvörðu, sem segir frá í *Landnámabók*. Þótt frásögnin væri rétt er engin leið að staðsetja hana eða finna aftur. Varða sú sem Eggert og Bjarni hlóðu skammt vestan við Öskurhól er gefið númer í báðum ofangreindum fornleifaskráum. Hins vegar er ljóst að búið er að rífa hana niður. Ebenezer Henderson sem var á ferð á Hveravöllum árið 1815 segir:

Þegar Eggert og Bjarni komu hingað, hlóðu þeir vörðu, hjer um bil miðja vega milli þessa bælis[Eyvindarkofa] og Öskurhóls, en hana hafa útilegumenn rífið til grunna, líklega vegna þess að þeim hafi þótt hún altóft greinilegt leiðarmerki til

³⁵ Hallgrímur Jónasson: *Árbók Ferðafélags Íslands 1971. Kjalvegur hinn forni*, 86.

³⁶ Guðný Zoëga: *Fornleifaskráning vegna deiliskipulags á Hveravöllum*, 15-16.

³⁷ Þær eru: Orri Vésteinsson: *Menningarminjar á miðhálandi Íslands*, Rv. 1996, sem er heimildarkönnun sem gerð var í tengslum við svæðiskipulag miðhálandis, og svo skýrsla Guðnýjar Zoëga: *Fornleifaskráning vegna deiliskipulags á Hveravöllum*, Glaumbæ 2002 og unnin var í tengslum við gerð deiliskipulags á Hveravöllum.

þess að láta hana standa rjett hjá bæli þeirra. Tíminn verður að leiða í ljós, hvort varða, sem við hlóðum, rjett hjá hólnum, reynist endingabetri.³⁸

Varða sú sem Henderson segist sjálfur hafa hlaðið hefur ekki verið færð inn í fornleifaskrár. Hún fannst heldur ekki á vettvangi haustir 2008. Grettishellir er vel þekktur (N64°48'57,4 og W19°29'21,3. Sjá einnig G2: N64°48'87,9 og W19°28'22,2), en er utan ofangreinds skráningarsvæðis. Úr *Sturlunga sögu* má einnig nefna dys Þorgeirs kiðlings sunnan við Hvinverjadal og er allt óljóst um það hvar sú dys kann að vera.

³⁸ Henderson, Ebenezer: *Ferðabók*, 361.

4 Niðurstöður

	Úrval	Sjaldgæfni	Rannsóknar-og heimildagildi	Upplifun	Upprunaleiki	Menningarlandsf. Minjaheild	Táknrænt gildi	Aðgengi	Notkunargildi	Ásigkomulag	Útkoma
Kerlingarfjöll Vörður	0	0	0	0	+	+	0	0	0	0	2
Hveravellir Útilegumannaminjar	+	+	0	+	+	+	+	+	+	+	8
Hveravellir Áningastaður	0	0	+	+	+	+	0	+	+	+	7
Hveravellir Vörður	0	0	0	0	+	+	0	+	0	+	4

Hér hefur verið fjallað um tvö skráningarsvæði, Kerlingarfjöll og Hveravelli. Markmiðið var að skrá fornleifar á viðkomandi stöðum og leggja mat á varðveislugildi þeirra. Teknar voru saman helstu heimildir um staðina þar sem vænta mátti að fornleifa væri getið. Því var svo fylgt eftir með athugun á vettvangi og leit að öðrum minjum sem hugsanlega væri ekki getið um í heimildum. Á hinu afmarkaða skráningarsvæði í Kerlingarfjöllum fundust aðeins tvær vörður og hafa sennilega orðið til í tengslum við umsvif Ferðafélags Íslands á svæðinu upp úr 1937. Frá sjónarhóli þjóðminjavörslunnar hefðu framkvæmdir þar því lítil sem engin áhrif á fornminjar.

Á Hveravöllum voru skráðar 19 minjar og voru þær flokkaðar í þrjár minjaheildir og svo fjórða flokkinn sem kallaðist „óskilgreindar minjar“. Þessar þrjár minjaheildir eru í fyrsta lagi *útilegumannaminjar*, (4 skráðar minjar) og tengjast þær allar veru Fjalla-Eyvindar og Höllu á staðnum upp úr 1762 til um 1770. Minjagildi Eyvindarminja er hér metið mjög hátt og lagt er til að þær verði friðlýstar, líkt og aðrar minjar sem tengjast útlegð þeirra hjóna, eins og í Hvannalindum og Eyvindarveri í Þjórsárverum. Í öðru lagi er hér skilgreind minjaheild sem kallast Hveravellir sem *áningarstaður*, en í þeim flokki eru þrjár minjar, sæluhús, rétt og hver sem notaður var til suðu og þvotta. Undir sæluhúsinu má ætla að leynist leifar eldri sæluhúsa, hugsanlega mörg byggingarstig aftur á þjóðveldisöld. Sá minjastaður er því metinn mjög hátt hér. Í þriðja lagi eru *samgöngumínjar*, en í þann flokk fóru allar vörður sem skráðar voru á svæðinu, alls tíu talsins.

Ef ferðafólki fjölgar með sama hætti næstu árin, líkt og undanfarin ár, má búast við að ferðamönnum um Kjalveg eigi eftir að fjölga mjög á næstu árum. Hveravellir verða þá mikilvægur áningarstaður á þeirri leið. Möguleikar á nýtingu minjanna til hagsbóta fyrir ferðapjónustu á svæðinu eiga því eftir að aukast. Frá sjónarhóli þjóðminjavörslunnar er mikilvægt að standa vörð um minjar og upplifunargildi þeirra á Hveravöllum.

5 Heimildaskrá

- Árni Hjartarson og Magnús Ólafsson: *Kerlingarfjöll. Könnun og kortlagning háhitasvæðis*. Unnið fyrir Orkustofnun. ISOR – 2005/012, Rv., 2005.
- Arnór Karlsson og Oddur Sigurðsson: *Árbók Ferðafélags Íslands 2001. Kjölur og kjalverðir*. Ferðafélag Íslands, Rv., 2001.
- Bruun, Daniel: *Íslenskt þjóðlíf í þúsund ár I-II*. Steindór Steindórsson þýddi. Örn og Örlygur, Rv., 1987.
- Bruun, Daniel: *Tværs over Kølen fra Søderkrog til Reykjavik*. Islandsk Turistforening, Kh. 1899.
- Brynjólfur Jónsson: „Rannsóknir byggðaleifa upp frá Hrunamannahreppi sumarið 1895“, *Árbók Hins íslenska fornleifafélags* 1896 (Rv. 1896), 1-13.
- Eggert Ólafsson: *Ferðabók Eggerts Ólafssonar og Bjarna Pálssonar um ferðir þeirra á Íslandi árin 1752-1757 I-II*. 4. útgáfa. Örn og Örlygur, Rv. 1981.
- Fornleifaskrá. Skrá um friðlýstar fornleifar*. Ágúst Ó. Georgsson tók saman. Fornleifanefnd, Þjóðminjasafn Íslands, Rv. 1990.
- Guðný Zoëga: *Fornleifaskráning vegna deiliskipulags á Hveravöllum*. Byggðasafn Skagfirðinga, Glaumbæ, 2002 (Rannsóknarskýrslur Byggðasafns Skagfirðinga nr. 9)
- Hallgrímur Jónasson: *Árbók Ferðafélags Íslands 1971. Kjalvegur hinn forni*. Ferðafélag Íslands, Rv., 1971.
- Haraldur Matthíasson et. al.: *Árbók Ferðafélags Íslands 1988. Vörður á vegi*. Ferðafélag Íslands, Rv., 1988.
- Henderson, Ebenezer: *Ferðabók. Frásagnir um ferðalög um þvert og endilangt Ísland árin 1814 og 1815 með vetursetu í Reykjavík*. Snæbjörn Jónsson, Rv., 1957.
- Hjörtur Björnsson: *Sumar á fjöllum*. Ísafoldarprentsmiðja, Rv., 1943.
- Jón Eypórsson et. al.: *Árbók Ferðafélags Íslands 1942. Kerlingarfjöll*. Ferðafélag Íslands, Rv. 1942.
- Íslensk fornrit I. Landnámabók. Íslendingabók og Landnámabók fyrri hluti*. Jakob Benediktsson gaf út, Rv., 1986.
- Ólafur Briem: *Útilegumenn og auðar tóttir*. Menningarsjóður, Rv., 1959.
- Orri Vésteinsson: *Menningarminjar á miðhálendi Íslands*. Fornleifastofnun Íslands ses., Rv., 1996 (FSO19-95042).

Páll Eggert Ólason: *Íslenzkar æviskrár frá landnámi til ársloka 1940* I. Hið íslenska bókmenntafélag, Rv., 1948.

Sturlunga saga. Árna saga biskups. Hrafn saga Sveinbjarnarsonar hin sérstaka I-II. Ritstjóri Örnólfur Thorsson. Svart á hvítu, Rv., 1988.

Þjóðminjalög nr. 107/2001. www.althingi.is/lagas/135b/2001_107.html

Þorvaldur Thoroddsen: *Ferðabók. Skýrslur um rannsóknir á Íslandi 1882-1898* II. 2. útg. Snæbjörn Jónsson, Rv., 1959.

6 Viðauki 1 – Kerlingarfjöll – fornleifaskrá

Vörður

fvnr	dags	skras	serheiti	tegund	hlutverk	ar_fra	ar_til	fridl	astand	h_mat	veggh_til	X ISN93	Y ISN93
820	11-sep-08	sup	Kerlingarfjöll	varða	kennimark	1900	2000	nei	vel greinanleg	engin hætta	0,6	486919,39	461099,25
821	11-sep-08	sup	Kerlingarfjöll	varða	kennimark	1900	2000	nei	vel greinanleg	engin hætta	1,2	486862,94	461760,29

7 Viðauki 2 – Hveravellir – fornleifaskrá

Eyvindarslóðir - útilegumannaminjar

fvnr	dags	skras	serheiti	tegund	hlutverk	hlutverk2	ar_fra	ar_til	fridl	astand	h_mat	h_orsok	vh_til	X ISN93	Y ISN93
702	12-sep-08	sup	Eyvindarkofi	hleðsla	híbyli		1700	1800	nei	vel greinanleg	hætta	annað	1,00	473447,57	485048,8
705	12-sep-08	sup	Eyvindarhellir	hellir	óþekkt	BYRGI/SKÝLI	800	1900	nei	vel greinanleg	engin hætta		0,00	473678,22	484544,84
815	12-sep-08	sup	Eyvindarrétt	hleðsla	rétt		1750	1800	nei	vel greinanleg	hætta	annað	1,20	473871,06	484116,5
818	12-sep-08	sup	Hveravellir	náttúruminjar	óþekkt	HLÓÐIR	1700	1800	nei	illgreinanleg	engin hætta		0,00	473479,82	485057,81

Hveravellir - samgöngur

fvnr	dags	skras	tegund	hlutverk	hlutverk2	ar_fra	ar_til	fridl	astand	h_mat	h_orsok	vh_til	X ISN93	Y ISN93
704	12-sep-08	sup	varða	kennimark		1800	2000	nei	greinanleg	engin hætta		0,80	473725,36	484579,47
706	12-sep-08	sup	varða	kennimark		1800	2000	nei	heillegar	engin hætta		1,70	473761,67	484815,63
707	12-sep-08	sup	varða	kennimark		1900	2000	nei	heillegar	engin hætta		1,40	473809,6	484941,22
708	12-sep-08	sup	varða	kennimark		1800	1950	nei	heillegar	engin hætta		1,90	473396,36	485965,53
709	12-sep-08	sup	varða	kennimark		1800	2000	nei	vel greinanleg	engin hætta		0,70	473301,13	485643,47
710	12-sep-08	sup	varða	kennimark		1800	2000	nei	vel greinanleg	engin hætta		1,50	473304,99	485640,74
711	12-sep-08	sup	varða	kennimark		1800	2000	nei	vel greinanleg	engin hætta		1,40	473307,6	485639,35
712	12-sep-08	sup	varða	kennimark		1800	1950	nei	vel greinanleg	engin hætta		0,80	473871,7	485798,75
713	12-sep-08	sup	varða	kennimark		1800	1950	nei	vel greinanleg	engin hætta		1,00	474019,27	485868,29
816	12-sep-08	sup	varða	kennimark		1900	2000	nei	heillegar	engin hætta		1,50	473851,35	484953,23

Hveravellir - áningarstaður

fvnr	dags	skras	tegund	hlutverk	hlutverk2	ar_fra	ar_til	fridl	astand	h_mat	h_orsok	vh_til	X ISN93	Y ISN93
703	12-sep-08	sup	hús	sæluhús	GAGNAMANNAKOFI	1950	2000	nei	heillegar	engin hætta		3,00	473566,8	484941,29
817	12-sep-08	sup	hleðsla	rétt		1700	2000	nei	vel greinanleg	hætta	annað	1,00	473665,86	484801,93
701	12-sep-08	sup	náttúrum injar	laug	eldunaradstada	800	1900	nei	vel greinanleg	engin hætta		0,50	473523,14	485088,62

Hveravellir - óskilgreint

fvrnr	dags	skras	tegund	hlutverk	hlutverk2	ar_fra	ar_til	fridl	astand	h_mat	h_orsok	vh_til	X ISN93	Y ISN93
819	12-sep-08	sup	heimild	óþekkt		800	1500	nei	sést ekki	engin hætta		0,00	473703,24	485144,8
700	12-sep-08	sup	hleðsla	óþekkt		800	1900	nei	greinanleg	hætta	annað	0,40	473724,04	485143,71